



HS ORKA

VSÓ RÁÐGJÖF



## ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS Á REYKJANESI

Orkuvinnsla og auðlindanýting í Reykjanesbæ og Grindavík

Skipulags- og matslýsing

Desember 2020



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Forsendur</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Áherslur í deiliskipulagsvinnu</b>	<b>1</b>
<b>3</b>	<b>Afmörkun deiliskipulagssvæðis</b>	<b>2</b>
<b>4</b>	<b>Framsetning deiliskipulags</b>	<b>4</b>
4.1	Greinargerð	4
4.2	Uppdráttur	4
4.3	Vefsja	4
<b>5</b>	<b>Efnistöð</b>	<b>5</b>
5.1	Mannvirki og starfsemi	5
5.2	Verndarsvæði og minjar	5
5.3	Ferðþjónusta og útivist	5
<b>6</b>	<b>Umhverfisáhrif</b>	<b>6</b>
6.1	Áhrifa- og umhverfisþættir	6
6.2	Viðmið í umhverfismati	7
6.3	Samræmi við aðrar áætlanir	8
<b>7</b>	<b>Kynning og samráð</b>	<b>8</b>
7.1	Skipulagsferlið og helstu áfangar	8
7.2	Samráð	8



## 1 Forsendur

Deiliskipulag Reykjanes, orkuvinnsla, iðnaður og ferðamennska var samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur og Reykjanesbæjar í janúar 2004. Reykjanesvirkjun var gangsett árið 2006.

Á þeim 16 árum sem liðin eru frá gildistöku þess hafa [allmargar breytingar](#) verið gerðar á deiliskipulaginu, eftir því sem starfsemi svæðisins hefur þróast og byggst upp. Vegna fjölda breytinga er orðið erfiðara að hafa yfirsýn yfir þær ákvarðanir sem eru í gildi á svæðinu. Þá er einnig tímabært að endurskoða framsetningu skipulagsins á uppdráttum til að gera það auðlæsilegra og skýrara. Skipulagið sýnir nákvæma legu einstakra lagna og útlínur mismunandi mannvirkja og búnaðar innan borsvæða. Slík nákvæmni uppdráttar er ekki talin nauðsynleg og hefur m.a. kallað á breytingar vegna minniháttar hönnunarbreytinga á einstökum lögnum.

Frá gildistöku deiliskipulagsins hafa aðalskipulagsáætlanir [Grindavíkur](#) og [Reykjanesbæjar](#) verið endurskoðaðar og löggjöf og kröfur breyst með nýjum skipulagslögum, nýrri skipulagsreglugerð og lögum um umhverfismat áætlana.

Þá hefur orðið grundvallarbreyting á stefnu um þróun svæðisins með [Auðlindagarðinum](#), sem þróaður hefur verið í nágrenni orkuvera HS Orku á Suðurnesjum. Hann er einstakur í sinni röð og boðar nýja framtíðarsýn og hvetur til enn frekari þróunar á nýtni meginstrauma og afgangstrauma frá orkuverunum. Vegna heppilegrar staðsetningar og einstakra aðstæðna er mögulegt að nýta afgangstrauma frá orkuverunum til fjölbreyttrar framleiðslu. Meðal fyrirtækja sem njóta góðs af starfseminni má nefna Bláa Lónið, snyrtivöruframleiðendur, auk líftæknifyrirtækja og fyrirtækja í fiskiðnaði, fiskþurrkun og fiskeldi. Mikilvægt er að deiliskipulag svæðisins taki tillit til stefnu um Auðlindagarð og þau tækifæri sem felast í honum.

Auk ofangreindra þátta er mikilvægt að huga að framtíðarsýn hvað varðar orkuvinnslu á Reykjanesi og þeirrar umgjörðar sem þarf til að nýting jarðhitauðlindarinnar verði með sem ákjósanlegustum hætti. Slík framtíðarsýn fellst m.a. í að skoða fjölgun borteiga og staðsetningu niðurrennslishola til að nýting auðlindar verði sjálfbær.

Það er því orðið tímabært að ráðast í heildarendurskoðun deiliskipulags orkuvinnslu- og iðnaðarsvæðisins á Reykjanesi. Með endurskoðun deiliskipulagsins gefst tækifæri til að uppfæra skilmála og deiliskipulagsuppdrætti og fella úr gildi eldri uppdrætti og breytingar á þeim. Með því fæst betri yfirsýn.

- Til að deiliskipulag þjóni best tilgangi sínum sem stjórnþeki og áætlun þarf það að vera skýrt og auðlæsilegt.

Reykjanesbær og Grindavíkurbær hafa í samræmi við 2. mgr. 38. gr. í skipulagslögum heimilað HS Orku að vinna að endurskoðun á deiliskipulaginu á Reykjanesi.

## 2 Áherslur í deiliskipulagsvinnu

Í endurskoðun deiliskipulagsins verður framsetning einfaldari og auðlæsilegri. Skilmálar um einstök svæði, lóðir, mannvirkjabelti og verndarsvæði verði skýrir fyrir alla afgreiðslu og veitingu bygginga- og framkvæmdaleyfa.

Áherslur við endurskoðun deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- **Uppfæra skipulagsgögnin** með tilliti til breytinga sem hafa verið gerðar á deiliskipulaginu til að fá skýrari yfirsýn yfir ákvarðanir um þróun svæðisins.



- **Bæta framsetningu á uppdrætti** og tryggja að nauðsynlegt svigrúm sé til staðar við framkvæmdir og uppbyggingu. Horft er til fyrirmýnda um framsetningu deiliskipulags sambærilegra jarðhitasvæða, s.s. Þeistareykja.
  - Rýmri reitir utan um borholur og mannvirki, í samræmi við þá starfsemi sem er fyrir og er ætlað að vera á svæðinu.
  - Mannvirkjabelti fyrir lagnir afmörkuð á uppdráttum. Skilmálar settir um fyrirkomulag og gerð lagna innan mannvirkjabelta, sem fylgja skal við framkvæmdahönnun.
  - Afmörkuð svæði sem ekki verður farið inn á með mannvirki, til að tryggja nauðsynlega náttúruvernd.
- **Skerpa á áherslum skipulagsins**, sem eru orkuvinnsla og auðlindanýting, í samræmi við stefnu Auðlindagarðsins.
- **Huga að nýjum svæðum / lóðum / borteigum**. Skoða mögulegar breytingar og viðbætur á núverandi skipulagi, t.d. vegna borteiga, starfsemi og afmörkun lóða sem kann m.a. að leiða til þess að skipulagsmörk breytast.
- **Setja fram skýra skilmála** í samræmi við áherslur.
- **Samráð** við hagaðila.
- **Umhverfismatið** mun byggja á nýjustu upplýsingum um grunnástand umhverfisins.


Til að gera stjórnýslu skilvirkari fyrir skipulagssvæðið verður því skipt upp í tvö deiliskipulagssvæði við sveitarfélagamörkin, þ.e. annað verði í Reykjanesbæ og hitt í Grindavíkurbæ. Með gildistöku á endurskoðaðs skipulags mun gildandi deiliskipulag á Reykjanesi falla úr gildi.

### 3 Afmörkun deiliskipulagssvæðis


Afmörkun gildandi deiliskipulags liggur innan Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar.

Frá því deiliskipulagið var samþykkt hefur afmörkun iðnaðarsvæðanna í aðalskipulagi breyst. Þau hafa stækkað, bæði í Reykjanesbæ og Grindavíkurbæ.

- Skoða þarf afmörkun deiliskipulagssvæðisins í samhengi við afmörkun iðnaðarsvæða í aðalskipulagsáætlunum Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæjar, sjá Mynd 3.1 og Mynd 3.2. og mótun endurskoðaðs deiliskipulags.
  - Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er mikilvægur hluti skipulagsvinnunnar og verður tillaga að þeim mótuð í samvinnu Grindavíkur, Reykjanesbæjar, HS Orku og hagaðila á svæðinu.
  - Til skoðunar verða svæði fyrir nýja borteiga. Fjallað verður um valkosti um staðsetningu þeirra í tillögugerðinni og umhverfismatinu.




Mynd 3.1 Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015-2030. Iðnaðarsvæði eru dökkgrá.



Mynd 3.2 Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2018-2032. Iðnaðarsvæði eru dökkgrá.

Lagt er upp með að skipta skipulagssvæðinu upp í tvö svæði, þ.e. annað verði í Reykjanesbæ og hitt í Grindavíkurbæ. Það mun einfalda stjórnýslu og gera skilvirkari með því að sleppa tvöfaldri málsmeðferð og afgreiðslu í báðum sveitarfélögum. Þar sem deiliskipulagssvæði liggur að sveitarfélagamörkum munu allar skipulagsbreytingar kalla á samráð milli sveitarfélaganna, sbr. ákvæði skipulagslaga.



Mynd 3.3 Afmörkun gildandi deiliskipulags Orkuvinnslu, iðnaðar og ferðamennsku (blár). Rauð brotin lína sýnir sveitarfélagamörkin (Skipulagssjá Skipulagsstofnunar).



Við Gunnuhver er í gildi [deiliskipulag](#) sem útfærir stíga, útsýnispalla og bílastæði og merkir inn menningarminjar.

- Til greina kemur að taka upp deiliskipulag Gunnuhvers og sameina við endurskoðað *Deiliskipulag Reykjanesvirkjunnar orkuvinnslu, iðnaðar og ferðamennsku*, í samráði við Reykjanes Geopark sem stóð að deiliskipulaginu við Gunnuhver.

## 4 Framsetning deiliskipulags

### 4.1 Greinargerð

Í greinargerð verður forsendum og markmiðum deiliskipulags lýst og gerð grein fyrir skipulagsskilmálum um landnotkun og starfsemi á deiliskipulagssvæðinu; einstökum lóðum; og núverandi og fyrirhuguðum byggingum og mannvirkjum, samkvæmt kröfum skipulagsreglugerðar.

- Áhersla verður lögð á skýra og greinargóða skipulagsskilmála og að skýrt sé greint á milli bindandi skilmála og leiðbeinandi tilmæla um fyrirkomulag mannvirkja eða frágang.
- Greinargerð verður sett fram í sér hefti ásamt umhverfisskýrslu.

### 4.2 Uppdráttur

Við vinnslu uppdráttar verður lagt upp með að framsetning verði skýr og auðlæsileg. Lagt er upp með að framsetning uppdráttar sé slík að ekki verði þörf á breytingum á deiliskipulagi komi til smávægilegra breytinga á mannvirkjum, enda séu þau innan mannvirkjabelta sem skilgreind verða í nýju deiliskipulagi.

- Deiliskipulagstillögur verða unnar á grunni fyrir gildandi deiliskipulags, nýrra loftmynda og nýjustu hönnunargrunna fyrir lagnaleiðir og önnur mannvirki á skipulagssvæði.

### 4.3 Vefsjá

Útbúin verður vefsjá sem sýnir skipulagssvæðin og nágrenni þeirra á loftmyndagrunni, þar sem hægt verður að þysja inn að svæðinu, sjá núverandi mannvirki og afmörkun svæða og fyrirhugaðra framkvæmdasvæða. Vefsjá er gagnleg til skýringar til viðbótar við deiliskipulagsgögnin og gefur heildarmynd af samhengi mannvirkja og skipulagsáforma á svæðinu.

- Vefsjáin verður jafnframt notuð til kynningar og samráðs við mótun tillagna í skipulagsferlinu.



Mynd 4 Vefsjá yrði í grunninn með svipuðu sniði hér sést á Google Earth, en hægt að birta ýmsar upplýsingaþekjur.

## 5 Efnistöð

Í endurskoðun deiliskipulags Reykjanesvirkjunar verða efnistöð að mörgu leyti þau sömu og í gildandi deiliskipulagi. Þó verður framsetningu þeirra breytt.

Bindandi skilmálar munu tryggja skýran ramma um umfang og fyrirkomulag mannvirkja en gefi jafnframt eðlilegt svigrúm fyrir útfærslu mannvirkja á framkvæmda- og byggingarleyfisstigi. Minniháttar útfærsluatriði við mannvirkjahönnun eiga ekki kalla á breytingar á deiliskipulagi, ef þau samræmast settum viðmiðum sem fram koma í deiliskipulagi.

Aukin áhersla verður á starfsemi í tengslum við Auðlindagarðinn og ferðaþjónustu frá því sem er í gildandi deiliskipulagi. Áhersla verður lögð á að skilgreina og/eða leiðbeina á hvaða hátt orkuvinnsla, fjölbreytt starfsemi og ferðaþjónusta geta átt samleið. Það á sérstaklega við um vegi, samspil gönguleiða og lagna og aðgengi gesta, en innan svæðisins eru hverfisvernduð svæði vegna sérstakrar náttúru og landslags. Í endurskoðun deiliskipulagsins verður skoðuð samþætting orkuvinnslu, atvinnustarfsemi og áfangastaða ferðamanna á svæðinu.

### 5.1 Mannvirki og starfsemi

Mannvirki verða afmörkuð á skipulagsuppdráttum með skýrum hætti. Borteigar, lóðir og byggingarreitir afmarkaðir. Skilmálar um útfærslu mannvirkja, svo sem hvað varðar hæðir, stærð og lögum mannvirkja innan afmörkunar, koma fram í greinargerð. Ekki verður sýnd afmörkun stakra borhola eða búnaðar innan borteigs.

Lagt verður upp með að afmarka mannvirkjabelti í stað þess að afmarka sérstaklega einstakar lagnir. Afmörkun mannvirkjabeltis mun þannig innihalda veitukerfi, lagnir og vegslóða sem þeim tengjast. Skilmálar verða settir um fyrirkomulag mannvirkja innan mannvirkjabeltanna.

Afmarkaðar verða lóðir fyrir starfsemi sem fellur að stefnu Auðlindagarðsins.

Með þessu má einfalda framsetningu deiliskipulags, auka sveigjanleika hvað varðar útfærslu, án þess þó að dregið sé úr þeirri nákvæmni sem þarf að vera til staðar við skipulagsgerð á svæðinu.

### 5.2 Verndarsvæði og minjar

Deiliskipulagssvæðin eru öll innan svæðis á Náttúruminjasrá, aðallega vegna jarðmyndana. Einnig eru skilgreind hverfisverndarsvæði innan skipulagssvæðis. Í deiliskipulagstillögum verða áfram afmörkuð verndarsvæði og skipulagsskilmálar settir til að tryggja markmið um verndun náttúru- og menningarminja.

Gerð verður grein fyrir fornminjum á svæðinu, sem byggir á skráningu í tengslum við aðalskipulagsáætlanir og einstakar framkvæmdir.

### 5.3 Ferðaþjónusta og útivist

Í skipulagsvinnu verður fjallað um tækifæri og áform fyrir ferðaþjónustu á svæðinu, sem fellst m.a. í að kynna þá fjölbreyttu nýtingu jarðhitaauðlindarinnar sem fer fram á Reykjanesi og tengsl þess við náttúruöflin.

Jafnframt verður horft til aðgengis að iðnaðarsvæðinu, þ.e. hvaða hlutar eru opnir fyrir almenning og hvar eru takmarkanir til að tryggja öryggi.

Skýringaruppdrættir munu sýna ferðamannastaði, áfangastaði, vegi og göngu- og reiðstíga.



## 6 Umhverfisáhrif

Samhliða endurskoðun deiliskipulagsins verður unnið umhverfismat fyrir tillöguna samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og gerð grein fyrir niðurstöðum umhverfismatsins í umhverfisskýrslu.

### 6.1 Áhrifa- og umhverfisþættir

Í umhverfismatinu felst að greina megin áhrifaþætti deiliskipulagsins sem líklegt má telja að muni hafa áhrif á umhverfi og meta áhrif þeirra á skilgreinda umhverfisþættir.

Helstu áhrifaþættir deiliskipulagsins felast í uppbyggingu og mannvirkjagerð innan skipulagssvæðis, orkuvinnslu og annarri starfsemi.

Umhverfisþættir sem litið verður til í umhverfismati og helstu matsspurningar sem lagðar eru fram í skipulagsvinnunni eru eftirfarandi:

#### Náttúrauðlindir - jarðhitakerfið

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa áhrif á jarðhitaauðlindina? Verður nýting sjálfbær eða ákjósanlegri en núverandi fyrirkomulag?

- Gögn: Líkön HS Orku, mælingar og rannsóknir.

#### Náttúrufar – gróður og fuglalíf

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa áhrif á lífríki? Hvers konar vistgerðir verða fyrir áhrifum? Verða mikilvæg fuglasvæði fyrir áhrifum?

- Gögn: Matsskýrsla HS Orku (2009) og grunn gögn sem þeim fylgja. Vistgerðakort, sérstök vernd vistkerfa og jarðminja, og mikilvæg fuglasvæði í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands (2008), *Virkjunarsvæði á Reykjanesi, Gróðurfar og kríuvarp*.

#### Menningarminjar

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa áhrif á fornleifar? Er gert ráð fyrir mannvirkjum eða starfsemi sem getur raskað fornleifum á svæðinu?

- Gögn: Fornleifaskráning í matsskýrslu HS Orku(2009), skráningar fornleifa í aðalskipulagsáætlunum Reykjanesbæjar og Grindavíkur. Fornleifaskráning Fornleifaverndar ríkisins (2008), *Umhverfi Reykjanesvirkjunar*.

#### Loftgæði og hljóðvist

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að breytingar verði á loftgæðum og hljóðvist á svæðinu? Verða loftgæði og hljóðvist í samræmi við viðmið í reglugerðum?

- Gögn: Upplýsingar um hávaða frá borholum og áætlaða losun í andrúmsloftið í matsskýrslu HS Orku(2009).

#### Ásýnd

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa áhrif á ásýnd svæðisins?

- Gögn: Skýringarmyndir sem sýna ásýnd skipulagssvæðis.

#### Ferðamennska og útivist

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa áhrif á ferðaþjónustu á Reykjanesi og á iðnaðarsvæðinu? Mun það takmarka eða auka aðgengi að svæðum? Fellur deiliskipulagið að stefnu Reykjanes Geopark?

- Gögn: Kortlagning Reykjanes Geopark á seglum innan svæðis, upplýsingar um fjölda gesta á Reykjanesi, tölulegar upplýsingar frá Ferðamálastofu. Markaðsstofa





Reykjanes (2019), *Áfangastaðurinn Reykjanes. Þróun ferðamála í sátt í náttúru og samfélag. 2018-2021.*

### Verndarsvæði – Náttúruinjasrá, vatnsvernd og hverfisvernd

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa skerða eða hafa neikvæð áhrif á verndarsvæði á Reykjanesi?

- Gögn: Afmörkun svæða á náttúruinjasrá (vefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands), vatnsverndarsvæði og hverfisverndarsvæði í aðalskipulagsáætlunum Reykjanesbæjar og Grindavíkur.

### Strandlengjan

Er stefna og framkvæmd deiliskipulags líkleg til að hafa áhrif á strandlengjuna? Breytist aðgengi að strandlengju, verður hún fyrir raski eða mun losun frá starfsemi hafa áhrif á strandlengju, strandsjó og lífríki?

- Gögn: Mælingar ÍSOR á styrk affallsvökva frá Reykjanesvirkjun og mælingar í sjótökuholum HS Orku. Vöktun Hafrannsóknarstofnunar *Lífríki fjöru við útrás affallsvatns frá Reykjanesvirkjun. Athuganir 2019.* Stefna í aðalskipulagsáætlunum Reykjanesbæjar og Grindavíkur.

### Náttúruvá

Er tekið tillit til náttúruvá í stefnu og framkvæmd deiliskipulags? Eru þekktar sprungur á svæðinu, er flóðahætta, hefur framkvæmd skipulags möguleg áhrif á skjálftavirkni?

- Gögn: Fyrirliggjandi upplýsingar um áhættumat Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, áhættumat Veðurstofunnar, sem er í vinnslu og fleiri gögn liggja þau fyrir. Minnisblað VSÓ Ráðgjafar um möguleg sjávarflóð á Reykjanesi, dags. 26.11.2020.

Í umhverfiskýrslu eru borin saman umhverfisáhrif tillögu og þróunar án gildistöku hennar, þ.e. framfylgd gildandi deiliskipulags – núllkosta. Jafnframt verða bornir saman valkostir ef áform eru að breyta skipulagsmörkum, þ.e. ef fleiri en einn kostur eru raunhæfur.

## 6.2 Viðmið í umhverfismati

Umhverfisáhrif verða metin mjög jákvæð (++) , jákvæð (+), óveruleg (0), neikvæð (-) og mjög neikvæð (--). Viðmið í umhverfismati til að meta áhrifin eru m.a.:

- Stefnum í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar.
- Stefna Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024.
- Náttúruverndarlög nr. 60/2013.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999.
- Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- Heimsmarkmið.
- Fyrirliggjandi upplýsinga úr vöktun HS Orku á svæðinu og þau viðmið sem þar koma fram.

Leiði umhverfismat í ljós líkleg neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti verður leitað leiða til að draga úr áhrifunum, lagðar til mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun.

## 6.3 Samræmi við aðrar áætlanir


Við mótun skipulags verður gerð grein fyrir samræmi skipulagsins við eftirfarandi áætlanir:

- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024
- Aðalskipulagsáætlanir Grindavíkur og Reykjanesbæjar
- Reykjanes Geopark
- Náttúruminjaskrá

## 7 Kynning og samráð

### 7.1 Skipulagsferlið og helstu áfangar

Drög að tímaáætlun fyrir deiliskipulagsvinnuna má sjá hér að neðan. Ætla má að skipulagslýsing verði kynnt í desember-janúar 2020/2021. Þá er gert ráð fyrir að mótaðar verði vinnslutillögur á tímabilinu janúar-mars og þær kynntar í mars/apríl. Unnið verður úr umsögnum og athugasemdum sem berast um vinnslutillögur og mótuð tillaga á tímabilinu apríl-maí. Tekin verður staðan á því hvort að efnistöð og framsetning eru í samræmi við væntingar HS Orku og eftir atvikum samráðsaðila. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillögurnar verði auglýstar í júní 2021 og verði endalega afgreiddar um mánaðarmótin ágúst/september 2021.



Mynd 7.1 Tímaás skipulagsgerðar.

### 7.2 Samráð

Lögð er áhersla á að fá viðbrögð og samtal við hagaðila á svæðinu og fagstofnanir vegna skipulags- og matslýsingar. Jafnframt er gert ráð fyrir að kynna vinnslutillögur, þ.e. fyrir svæðið innan Reykjanesbæjar og svæðið innan Grindavíkur. Með því að auglýsa vinnslutillögu er leitast við að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila áður en tillaga að deiliskipulagi er fullunnin.

Óskað verður eftir umsögnum og athugasemdum frá helstu hagsmunaaðilum og almenningi á öllum stigum skipulagsferilsins. Æskilegt er að fá hagsmunaaðila eins snemma að borðinu og hægt er til þess að auðveldara verði að bregðast við þeim umsögnum og ábendingum gætu borist.

Helstu hagsmunaaðilar, sem gert er ráð fyrir að lýsing, vinnslutillaga og skipulagstillaga verði send til sérstaklega, eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Orkustofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Reykjanesbær
- Grindavíkurbær
- Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Landsnet



- 
- Veðurstofa Íslands
  - Reykjanes Geopark
  - Náttúrufræðistofnun Íslands